

Fundargerð 24. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: Miðskip, fundarherbergi 6. hæð, Orkuveitu Reykjavíkur.

Tími: 10. júní 2015 kl. 10:00

Viðstaddir: Arndís Ósk Ólafsdóttir (AÓÓ), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Gunnar Steinn Jónsson (GSJ), Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), María Jóna Gunnarsdóttir (MJG)

Dagskrá:

1. Fundargerð 23. stjórnarfundar
2. Verkaskipting nýrrar stjórnar
3. Verkefni næsta starfsárs
4. Önnur mál

1. Fundargerð 23. stjórnarfundar

Fundargerð 23. Stjórnarfundar VAFRÍ var samþykkt með leiðréttingum.

2. Verkaskipting nýrrar stjórnar

Verkaskipting stjórnar á næsta starfsári: HÓA formaður, ÍÞ gjaldkeri, AÓÓ ritari, GSJ og MJG meðstjórnendur.

3. Verkefni næsta starfsárs

Stjórn félagsins stefnir á að fylgja eftir eftirfarandi málaflokkum í samstarfi við fag- og hagsmunaaðila á næsta ári: (1) Fráveitur til verndar viðkvæmra viðtaka; (2) Litlar vatnsveitur; (3) Rannsóknir á hönnunarregnskúrum; (4) Samstarf við erlend fagfélög.

Stefnt er að því að skipuleggja vísindaferð til Þingvalla fyrir félagsmenn, þar sem skoðuð verða vatns- og fráveitumannvirki og rætt við aðila hjá ferðamannaaðstöðu í þjóðgarðinum, hjá völdum sumarbústaðaeigendum, og íon hóteli. Hugmynd kom fram að byrja undirbúning fyrir vísindaferð erlendis, til dæmis til Noregs.

4. Önnur mál

- (1) Íþ hélt stutta kynningu á VAFRÍ á fagfundi Samorku í Borgarnesi í maí s.l. Óskandi hefði verið að fá meiri tíma.
- (2) Vegna fjölda áskorana hefur skriflegt efni af málþinginu hefur verið sett upp á vefsíðu VAFRÍ. Stefnt er að því að setja upptökur á næstu tveimur vikum.
- (3) Alþjóðlegi klósett dagurinn verður haldinn 19. Nóvember nk. Orkuveita Reykjavíkur stefnir að því að kynna hvað megi fara í klósettin.
- (4) Tækifæri verður að kynnast og koma á samstarfi við önnur fagfélög með þátttöku VAFRÍ að Norrænni vatnsveitu ráðstefnu í Hörpu í september 2016, haldin af Samorku.

Fundi var slitið kl. 11:25

Fundarritari: Hrund Andradóttir, hrund@hi.is